





MARKAÐSSTOFA
REYKJANESS

Markaðsstofa Reykjaness

Markaðsstofa Reykjaness vinnur að sameiginlegri kynningu og markaðssetningu Reykjaness sem spennandi áfangastaðar fyrir ferðamenn. Þetta gerum við fyrst og fremst með útgáfu kynningar-efnis og í gegnum síðurnar visitreykjanes.is og reykjanes.is.

Við eigum í góðu samstarfi við opinbera aðila í ferðaþjónustunni, s.s. Ferðamálastofu og Íslandsstofu, og tengjum ólíka innlenda aðila í ferðaþjónustu saman, auk þess að tengja þá við erlenda ferðaþjónustuaðila.






Vertu með

Allir ferðapjónustuaðilar sem skrá sig hjá Ferðamálastofu eru grunnskráðir á vefsíðum markaðsstofunnar og í upplýsingabæklingi sem hún gefur út á hverju ári. **Með skráningu í markaðsstofuna fá samstarfsaðilar hins vegar aukið vægi í markaðsefni hennar.**

Þeir birtast með myndum og ítarefni í leitarniðurstöðum á vefsíðunum og fá aukið pláss í upplýsingabæklingnum, m.a. upplýsingareit með þjónustutáknum og nánari upplýsingum. Einnig fá þeir 30% afslátt af auglýsingum og sérkynningum í bæklingnum.

Það felst styrkur í fjöldanum og á það við í ferðapjónustu líkt og í öðrum geirum. Það er ekki aðeins einstökum aðilum í hag að vera með, heldur hagnast allir ferðapjónustuaðilar á því að sem flestir taki þátt. Því fleiri sem taka þátt, því öflugri getur öll kynning á svæðinu orðið.

Við erum þín brú til viðskiptavina





Þeir sem skrá sig hjá okkur fá aukinn sýnileika á vefnum, betri leitarniðurstöður, myndir frá sér inn á vefinn og sér síðu með ítarupplýsingum inn á **visitreykjanes.is**. Aðilar fá einnig sömu kynningu inni á **visiticeland.com**.

Þeir sem skrá sig hjá okkur fá sinn upplýsingareit í bæklingnum með mynd, þjónustutáknum og tengiliðaupplýsingum. Auk þess fá þeir afslátt af auglýsingum, sérkynningum og námskeiðum á vegum markaðsstofunnar.

Þeir sem skrá sig hjá okkur geta fengið aðgang að markaðsefni, rannsóknum fyrir svæðið og talnaefni. Jafnframt getur þitt fyrirtækið komið efni á framfæri í gegnum markaðsstofuna.

Þeir sem skrá sig hjá okkur fá aðgang að öllum tengiliðum sem Markaðsstofa Reykjaness hefur á skrá og aflar tengsla við í gegnum markaðsstarf.

Þeir sem skrá sig hjá okkur fá aðgang að sameiginlegri vinnustofu ferðaþjónustuaðila á svæðinu þar sem þeir hafa tækifæri á að taka þátt og kynna sína þjónustu.




Besta leiðin til viðskiptavina




- A UNIQUE EXPERIENCE -




Markaðstofur landshlutanna hafa opnað nýja og glæsilega vefi sem taka mið af styrkleikum hvers svæðis. Vefirnir eru einstaklega notendavænir og leiða neytandann um svæðin og tengja hann við þá þjónustu sem leiðað er eftir.



Á vefnum er öflugur viðburðavefur fyrir svæðið og upplýsingar um innra starf markaðsstofunnar sem þú hefur greiðan aðgang að.



Með skráningu í markaðsstofuna færð þú aukinn sýnileika á vefnum og tengingar inn á þína vefsíðu og samfélagsmiðla.



Vefurinn er lykilmátt í markaðssetningu svæðisins og með þátttöku getur þú haft áhrif á framtíð hans.

Að gerast aðili




Eins og fram hefur komið er ávinningur af aðild að Markaðsstofu Reykjaness umtalsverður. Ef þú ert ekki þegar samstarfsaðili þá bjóðum við þig innilega velkominn til samstarfs.

Til að gerast aðili hefur þú samband við okkur í síma 420 3294 eða með tölvupósti á markadsstofa@visitreykjanes.is

Við stillum aðildargjaldi í hóf vegna þess að við viljum fá sem flesta að samstarfinu. Gjaldið er því aðeins 40.000 kr. á ári.

Öll fyrirtæki á svæðinu og fyrirtæki utan þess sem veita þjónustu inni á svæðinu, með leyfi frá Ferðamálastofu til rekstrar í atvinnugreininni, geta orðið samstarfsfyrirtæki.



Markaðsstofa Reykjaness er samstarfsvettvangur fyrirtækja í ferðaþjónustu, ríkis og sveitarfélaga á Suðurnesjum um að markaðssetja svæðið sem ákjósanlegan áfangastað ferðamanna.

Reykjanesskaginn og það svæði sem heyrir undir Markaðsstofu Reykjaness er um 825 km² og á svæðinu búa 21.540 manns.

Reykjanesskaginn er einstakur en jafnframt margbreytilegur þegar kemur að jarðfræði, mannlífi og menningu. Það er hér sem Atlantshafshryggurinn kemur á land og við stöndum á flekaskilum sem eru mjög sýnileg. Við njótum þar af leiðandi fjölbreyttra náttúruminja sem þeim fylgja; jarðhitasvæða, hraunmyndana og náttúruþæða.